



Fjölbrautaskóli Suðurlands

## ORÐSPOR

ÍSLE2OS05

Kennsluáætlun – haustönn 2017

### Kennari áfangans:

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR) og Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir (GDS)

### Áfangalýsing:

„Af máli má mañinn þekkja“ og því skiptir máli að vanda mál sitt. Í áfanganum er unnið með tungumálið á fjölbreyttan hátt með það að markmiði að nemendur vandi mál sitt og auki orðaforðann. Nemendur kynna sér ýmsa þætti í málfari í þeim tilgangi. Ýmis verkefni eru unnin, skrifleg og munnleg, auk þess sem áhersla er lögð á framsetningu fyrir framan myndavélar. Nemendur setja upp eigin sjónvarpsdagskrá með ýmsu frumsömdu efni þar sem reynir á margs konar málsnið.

**Forkröfur:** Lágmark B á grunnskólaprófi eða ÍSLE1DE05/ÍSLE1LR05

### Markmið áfangans:

#### Þekking

**Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:**

- málfræðihugtökum og hugtökum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- mismunandi tegundum bókmennta og nytjatexta
- á margs konar málsniði

#### Leikni

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- beita gagnrýninni hugsun og koma skoðun sinni á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- nýta hjálpargögn á markvissan hátt við frágang ritsmíða og framsetningu efnis
- nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem nytjatexta og fjalla um inntak þeirra

#### Hæfni

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- vinna að skapandi verkefnum í sambandi við námsefnið
- styrkja eigin málfærni
- beita skýru, lýtalausum máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- tjá afstöðu og efasemdir um efnið sem unnið er með og komast að niðurstöðu
- hafa vald á áhrifaríkri málnotkun, svo sem með stílbrögðum

### Kennslubækur og kennslugögn

- Efni frá kennara.
- *Handbók um íslensku*. Stofnun Árna Magnússonar.

## ORÐSPOR - VINNUÁÆTLUN

Vika	Dags.	Verkefnavinna
1	18. - 25. ágúst	Kynning á áfanga; helstu verkefni, heimavinna og tímavinna. <b>Verkefni 1, Gott mál og vont.</b> Handbók um íslensku
2	28. ág. – 1. sept.	<b>Verkefni 2, Orðaforði.</b> Handbók um íslensku (bls. 145-147, 192-194 og 267-270).
3	4. – 8. sept.	<b>Verkefni 3, 5 efnisgreina ritun (hóp- og einstaklingsverkefni).</b> Handbók um íslensku (bls. 88-90, 106-111, 148-157, 177-184 og 195).
4	11. – 15. sept.	<b>Málfarspróf 1. Viðtöl.</b> <b>Skraptími í lok vikunnar. Þá er fyrstu lotu áfangans að fullu lokið.</b>
5	18. – 22. sept.	<b>Verkefni 4, Textavinna.</b> Handbók um íslensku (bls. 169-170, 271-278).
	25. – 29. sept.	<b>Verkefni 5, Túlkun.</b> Handbók um íslensku (bls. 79-87 og 201-205).
7	2. – 6. okt. <i>miðannarmat</i>	<b>Verkefni 6, Tengsl málfars og málfræði.</b> Handbók um íslensku (áður lesið efni getur nýst).
8	9. – 11. okt. <i>Haustfrí fim.-fös. 12-13</i>	<b>Verkefni 6, Tengsl málfars og málfræði, framhald.</b>
9	16. – 20. okt.	<b>Málfarspróf 2. Viðtöl.</b> <b>Skraptími í lok vikunnar. Þá er annarri lotu áfangans að fullu lokið.</b>
10	23. – 27. okt.	<b>Verkefni 7, Að flytja að heiman</b> Handbók um íslensku (bls. 31-38, 79-87, 163-168 og 206-214).
11	30. okt. – 3. nóv.	<b>Verkefni 8, Viðtal</b> Handbók um íslensku (bls. 25-30, 249-254 og 279-282).
12	6. – 19. nóv.	<b>Verkefni 9, Sjónvarpsþáttur</b>
13	13. – 17. nóv.	<b>Verkefni 9, Sjónvarpsþáttur.</b> Sjónvarpsþáttur – taka upp og klippa. Sjónvarpsþáttur settur á youtube og slóð skilað til kennara í síðasta tíma vikunnar.
14	20. – 24. nóv.	<b>Verkefni 10, Ræða.</b> Handbók um íslensku (bls. 315-324).
15	27. nóv. – 1. des. <i>dimmisjón</i>	<b>Málfarspróf – lokapróf, fyrir þá sem ekki náðu lágmarkseinkunn.</b>
16	<b>4. – 7. des.</b> <i>Námsmat hefst 8.</i>	Skráp
17	8. – 15. des.	

## Námsmat áfangans

VERKEFNI	VÆGI	REGLUR ÁFANGANS
Verkefni 1-3	9%	<p><b>Símat:</b> Nemandi þarf að skila a.m.k. 90% af vinnu áfangans (verkefnum og prófum) og ná að lágmarki 5,0 í einkunn fyrir hvert verkefni og próf.</p> <p>Sérákvæði er með verkefni 7, en þar telst verkefninu ekki lokið fyrir en nemandi fær a.m.k. einkunnina 7 fyrir alla þætti verkefnisins.</p> <p><b>Lokapróf:</b> Nemandi sem ekki nær að uppfylla skilyrði símats fer í lokapróf. Nemandi þarf að ná 5,0 á lokaprófi til að ná áfanganum. Lokapróf gildir 50% á móti símati.</p> <p><b>Skráp:</b> Skráp verður eftir málfarspróf 1 og 2. Þeir sem ekki hafa skilað öllum verkefnum, ekki fengið „græna einkunn“ eða staðist lágmarkskröfur prófsins, er gert að mæta í skrap tíma..</p>
Málfarspróf 1	11%	
Verkefni 4-5	9%	
Málfarspróf 2	11%	
Verkefni 6 Málfar og málfræði	10%	
Verkefni 7 Að flytja að heiman	15%	
Verkefni 8 Viðtal	10%	
Verkefni 9, Sjónvarpsþáttur eða bók	15%	
Verkefni 10 Ræða	10%	
<p><b>Reglur áfangans</b> undanskilja ekki fjarvistir vegna veikinda, leyfa, vottorða eða opinna vottorða eða af öðrum orsökum. Öllum nemendum áfangans ber að fylgja reglum hans án undantekninga.</p>		
<p><b>Skilatími verkefna:</b> Öllum verkefnum ber að skila fyrir klukkan 23:30 á föstudögum til að full einkunn fáiist fyrir þau. Verkefnum má þó skila fram á sunnudagskvöld, til klukkan 23:30 ef á þarf að halda. En þá lækkar einkunn verkefnis um 10%.</p>		

## Kröfur og verkefnaskil

- Áfanginn byggir á símati. Ljúka verður 90% vinnu áfanganst til að símat gildi að fullu. Þeir sem fara undir 90% skil fyrir verkefni og próf, þurfa að þreyta lokapróf. Lokapróf gildir 50% á móti símati. Til að ná áfanganum verður einkunn á lokaprófi að vera 5,0 að lágmarki.
- Ætlast er til að nemendur búi sig mjög vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlöggn fer eingöngu fram þar. Mæti nemandi ekki í tíma af einhverjum ástæðum eykst heimavinna nemenda.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund **ber hann sjálfur ábyrgð** á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á Moodle en einnig er hægt að hafa samband við kennara.
- Allir nemendur eru skráðir í Moodle og þurfa því að hafa reglulegan aðgang að tölvu. Öll verkefni birtast á Moodle og skila þarf verkefnum vikulega alla önnina. Öllum skriflegum verkefnum er skilað á Moodle og því þurfa nemendur að koma með tölvur í kennslustundir.
- Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema með samþykki kennara.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

Gert með fyrirvara um breytingar, FSu., 15. ágúst 2017

Guðbjörg Grímsdóttir [gudbjorg10@gmail.com](mailto:gudbjorg10@gmail.com)

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir [gudbjorgdora@gmail.com](mailto:gudbjorgdora@gmail.com)